



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7
Reykjavík 105

Mál: 2024-09-0280

Hafnarfjörður 14. október 2024

Efni: Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu um Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð.

Umsögn Haffrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna fylgir hér og er hún unnin skv. beiðni Skipulagsstofnunar (tölvupóstur sendur í gegnum Skipulagsgátt 3. september 2024) mál nr. 0137/2023 í Skipulagsgátt.

Orkubú Vestfjarða ehf. áformar að reisa virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal í Strandabyggð. Í áætlun Orkubús Vestfjarða er áætlað að virkjað afl verði allt að 9,9 MW. Uppistöðulón virkjunarinnar verða á óröskuðu hálendi á Steingrímsfjarðarheiði. Þar er ráðgert að inntaks- og miðlunarlón verði staðsett. Aðrennsli að virkjuninni, sem verður í Selárdal, mun renna um niðurgrafna skurði. Framkvæmdaaðilar gera ráð fyrir að orka verði flutt um 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Hólmavík.

Í umhverfismatsskýrslunni er gerð grein fyrir þremur valkostum sem taldir eru nokkuð raunhæfir með tilliti til tæknilegrar útfærslu, framkvæmdakostnaðar og rekstrarhagkvæmni. Kostirnir eru:

Valkostur 1. Virkjun með inntakslóni, sem felst í að orkuframleiðsla byggji eingöngu á rúmtaki inntakslóns í Efri-Kotvötnum og veitu úr árkvísl ofan Þjóðbrókargils. Engar aðrar miðlanir eða veitur verða á svæðinu, að öðru leyti en því að kvíslin, sem rennur um Þjóðbrókargil, verður veitt í inntakslónið.

Valkostur 2. Virkjun með inntakslóni og litlu miðlunarlóni. Sá kostur felst í að orkuframleiðsla byggir á því að auka miðlun vatns til inntakslónsins með miðlun í Svartagilsvatni með byggingu stíflu þar (Svartagilsvatnsmiðlun). Rennsli í miðlunina ráðist af náttúrulegu aðrennsli. Vatnsborð lónsins verði hæst 454 m y.s.

Valkostur 3. Virkjun með stóru miðlunarlóni og veitum. Í þessum kosti felst að orkuframleiðsla byggir á kosti 2, en við bætist aukið rennsli til miðlunarlónsins úr norðri með svokallaðri Svartagils- og Hraunaveitu. Vatnsborð lónsins verði hæst 456 m y.s. Í þessum kosti felst einnig að byggð verður lítil virkjun sem nýtir fall frá miðlunarlóninu niður í veituskurðinn að inntakslóni.

Af þessari lýsingu er ljóst að töluverðar breytingar verða gerðar á vatnafari á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Eins og segir í umhverfismatsskýrslunni: „Með uppistöðulónum mun virkjunin

hafa áhrif á Efri-Kotvötn (valkostur 1, 2 og 3) og Svartagilsvatn (valkostur 2 og 3) og einnig munu önnur minni vötn sameinast lónum virkjunarinnar. Alls munu fimm vötn yfir 1.000 m² fara undir lón. Í tilfalli valkostar 3 verður afrennsli Hraunavatns og vatns norðan Svartagilsvatns veitt um nýjan farveg, en vatnsstaða og náttúrulegar sveiflur vatnanna ætti þó ekki að breytast.“ Af þessum þremur kostum leggur Orkubú Vestfjarða fram valkost 3 sem aðalvalkost. Fyrirhugð virkjun mun nýta vatn af nokkrum vatnasviðum, sem eru á bilinu 38,6 og 40,8 km² háð hvaða kostur verður valinn.


Við framkvæmdina verður farið inn á óröskuð vistkerfi á hálendi Vestfjarðakjálkans, eins og lýst er ítarlega í umhverfismatsskýrslunni. Eins og víða á hálendi Vestfjarðakjálkans er urmull vatna, tjarna og vatnsfalla. Það á ekki síst við um heiðarnar á austanverðum kjálkanum, Steingrímsfjarðarheiði, Ófeigsfjarðarheiði og Trékyllisheiði. Líkt og segir í umhverfismatsskýrslunni eru víða óbyggð víðerni á Vestfjarðarkjálkanum og að verndarmarkmið í lögum um náttúruvernd 3. gr. nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Bent er á að fyrirhuguð Kvíslatunguvirkjun verði í jaðri skilgreinds víðernissvæðis á hálendinu sunnan Drangajökuls. Nú þegar eru áform um fleiri vatnsaflsvirkjanir sem myndu virkja vatn af víðernissvæðum á Vestfjarðahálendinu s.s. Austurgilsvirkjun, Skúfnavatnavirkjun og Hvalárvirkjun. Það er því ljóst að þessar virkjanir munu koma til með að skerða skilgreind víðernissvæði og vatnavistkerfi þar að lútandi.

Í viðauka 3 við umhverfismatsskýrsluna er gerð ítarleg grein fyrir vatnalífi á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar og þar fást mikilvæg grunngildi hvað einkennir vatnalíf á svæðinu. Í skýrslunni um vatnalíf (viðauki 3) kemur m.a. fram að bleikju sé að finna tveimur af þremur vötnum sem rannsökuð voru. Mikið magn fannst af hryggleysingjum í ám og vötnum á svæðinu. Þar voru smávaxin krabbadýr og rykmý ríkjandi hópar.

Hafrannsóknastofnun hefur engar stórvægilegar athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslunni en vill benda á að virkjunin hefur í för með sér töluverðar breytingar á vötnum, rennsli þeirra, samfellu og vatnalíf. Líkt og tekið er fram í umhverfismatsskýrslunni liggur ekki fyrir hvort heimild til breytinga á vatnshlotum, sem virkjunin mun hafa áhrif á, leiði af sér vöktun á vistfræðilegum gæðapáttum. Varðandi mótvægisáðgerðir er ekki ljóst hvað það feli í sér að starfsmenn Orkubús Vestfjarða fylgist með framvindu laxfiska. Betur færi ef fiskifræðingur eða líffræðingur myndi sjá um slíka vöktun og að mótvægisáðgerðin væri betur skilgreind m.a. til hvaða ráða verði gripið ef breytinga verður vart.

Hafrannsóknastofnun lýsir ánægju með ítarlega og vandaða úttekt á vatnalífríki.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Jakob Gunnarsson
Skipulagsstofnun

15. október 2024
2024-09-30/11.2

Efni: Umsögn Landsnets um umhverfismatsskýrslu Kvíslatunguvirkjunar.

Umhverfismatsskýrsla Kvíslatunguvirkjunar er til kynningar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 137/2023 og barst Landsneti beiðni um umsögn dags. 3. september 2024. Umsagnafrestur er til 17. október 2024.

Landsnet hefur farið yfir auglýst gögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að Kvíslatunguvirkjun verði tengd Orkubúi Vestfjarða við Hólmavík með 33 kV, jarðstreng, en þaðan liggja 33 kV lína Orkubúsins að tengivirki Landsnets í Geiradal.

Þar sem hvorki virkjunin né tengingar hennar að tengivirki Orkubús Vestfjarða hafa bein áhrif á núverandi mannvirki Landsnets eða fyrirhuguð, gerir fyrirtækið ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða
a <a
href="http://www.minjastof
nun.is">www.minjastofnun.i
s Kennitala: 440113-
0280

Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1,
400 Ísafirði

miðvikudagur, 16. október 2024
MÍ202410-0081/ 6.07 / L.G.

Efni: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum - Kvíslatunguvirkjun

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Orkubús Vestfjarða þar sem óskað var eftir umsögn um umhverfismat vegna Kvíslatunguvirkjunar í Strandabyggð. Gögn er varðar málið var hægt að nálgast rafrænt á skipulagsgátt þann 03.09.2024.

Fornleifaskráning hefur verið gerð á skipulagssvæðinu (Atli Rúnarsson. 2023. *Fornleifaskráning í landi Gilsstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslartunguvirkjunar*. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík). Samkvæmt skráningaskýrslu voru 11 minjar skráður, langflestar á láglandinu.

Framvæmdasvæði

Samkvæmt skipulagsuppdrætti eru flestar minjarnar utan framkvæmdasvæðis hins vegar er varða 3094-009 innan þessa auk skotbyrgis 3094-001 og vörðu 3094-010 sem eru nálægt efnistökusvæði. Minjastofnun fer fram á að minjarnar verði girtar af á meðan á framkvæmd stendur til þess að komast hjá því að þeim sé raskað.

Efnistökusvæði við Byrgisholt

Á uppdrætti á bls. 36 í umhverfismatsskýrslu er skráð efnistökusvæði við Byrgisholt það svæði hefur verið skráð að hluta til en sú Skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnun Íslands. Hins vegar eru þar friðlýstar minjar (heiðinn grafreitir) og samkvæmt lögum er ekki heimilt að raska svæði í 100 m radius frá friðlýstum minjum. Minjastofnun veitir ekki heimild til efnistöku við Byrgisholt. Nú þegar hefur verið gengið of langt í efnistöku á svæðinu.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Jarðstrengur

Á uppdrætti á bls. 36 í umhverfismatsskýrslu er fyrirhugaður jarðstrengur teiknaður upp. Hann er að stórum hluta utan svæðis sem hefur verið skráð. Nauðsynlegt er að skrá lagnalínuna áður en til framkvæmda kemur svo hægt sé að veita umsögn vegna þeirrar framkvæmdar.

Áhrifasvæði framkvæmda

Ljóst er að eingöngu er búið að fornleifaskrá brot af áhrifasvæði framkvæmdanna. Til þess að hægt sé að veita umsögn vegna framkvæmdanna þarf að skrá allt áhrifasvæðið. Ekki eingöngu þann ramma sem skráður var vegna umhverfismatsins. Einnig er ljóst að minjar sem eru friðlýstar eru innan áhrifasvæðis.

Annað

Á bls. 87 í umhverfismatsskýrslu er lagt mat á mikilvægi minjanna og mótvægisáðgerðir. Enn er ekki til staðall til þess að meta mikilvægi minja og það þarf að vera samræmi í slíku mati. Því er mikilvægi minja mjög einstaklingsbundið eins og staðan er í dag. Varðandi mótvægisáðgerðir þá fer Minjastofnun Íslands alfarið með það hlutverk.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 17. október 2024
Málsnúmer: 202409-0005
IAS/BK/RTh/ÞH

Efni: Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð. Umhverfismatsskýrsla.

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun, frá 3. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna umhverfismatsskýrslu fyrir Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð.

Orkubú Vestfjarða ehf. áformar að reisa virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal í Strandabyggð. Áætlað er að afl hennar verði allt að 9,9 MW. Virkjunin virkjar vatn á hálendi norðan við Þjóðbrókargil, þar sem inntakslón og miðlunarlón hennar verða staðsett. Frá inntaksmannvirki mun vatn renna um niðurgrafna þrýstipípu til stöðvarhúss, sem staðsett verður nærri Selá í Selárdal. Framleidd orka verður flutt um 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes í Staðardal.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Jarðfræði:

Jarðfræðirannsóknnum á Vestfjörðum er almennt ábótavant. Nákvæmt jarðfræðikort yfir berggrunn og jarðgrunn er ekki til fyrir rannsóknarsvæðið og þær jarðfræðirannsóknir sem gerðar voru í tengslum við umhverfismatið eru ekki umfangsmiklar. Jarðfræðingur gekk um hluta svæðisins árið 2020, grafnar voru gryfjur í Selárdal til að kanna laus jarðlög og loks var farið í jarðefnaleit vegna fyrirhugaðra framkvæmda árið 2023. Að öðru leyti er stuðst við jarðfræðikort frá 2014 í mælikvarða 1:600.000, þar kemur fram að berggrunnurinn er að mestu úr basaltlögum sem eru eldri en 11 milljón ára. Bæði surtarbrandur og blaðför hafa fundist við Steingrímsfjörð en ekki eru neindir þekktir fundarstaðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Steingervingar njóta verndar samkvæmt 60. gr. um steindir og steingervinga í náttúruverndarlögum (nr. 60/2013). Ekki kemur fram hvort leitað hafi verið eftir steingervinga- eða surtarbrandslögum í Þjóðbrókargili en þar eru góðar opnur í jarðlögin. Í eða í nálægð framkvæmdasvæðisins er að finna jarðhita á yfirborði og fossa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Jarðhiti hefur verið skráður á nokkrum stöðum í nágrenninu, í Hveravík og inn af Bjarnarfirði, en ekki er vitað um jarðhita á framkvæmdasvæðinu. Einu jarðminjarnar sem njóta verndar og verða fyrir áhrifum virkjanaframkvæmda eru fossar, t.d. fossar í Þjóðbrókargili. Rétt er að benda á að ekki hafa allir fossar landsins verið kortlagðir eða eru sýndir í kortasjá Náttúrufræðistofnunar fyrir náttúruvirkjunir sem njóta sérstakrar verndar (<https://serstokvernd.ni.is/>), og því er nauðsynlegt að skrá fossa á framkvæmdasvæðum áður en farið er í framkvæmdir sem geta haft áhrif á þá.

Efnistaka verður að hluta innan lónstæða en einnig er fyrirhuguð efnistaka og haugsetning utan lónanna á heiðinni og veruleg efnistaka er fyrirhuguð úr aurkeilu utan við Þjóðbrókargil. Þá verður enduroppnuð náma við Birgisholt við Staðará í Steingrímsfirði, en hún er skráð frágengin með vottun á námuvefsjá Vegagerðarinnar.

Áhrif á aurkeiluna vegna efnistöku utan við Þjóðbrókargil verða varanleg og verulega neikvæð bæði á jarðminjar og landslag í Selárdal. Almennt er tekið undir það að áhrif á jarðminjar vegna fyrirhugaðra framkvæmda verða nokkuð neikvæð, óafturkræf og varanleg.

Gróður:

Umhverfismatsskýrsla er í samræmi við sérfræðiskýrslu um gróður. Í sérfræðiskýrslu eru einkenni áhrifa metin en ekki vægi þeirra sem skv. umhverfismatsskýrslu eru **nokkuð neikvæð** á alla þrjá valkostina eða eins og þar segir: „*Rask á vistgerðum með hátt verndargildi verður helst vegna hækkunar á vatnsstöðu við gerð inntakslóns og lagningu vegslóða og pípuleiðar um hliðina frá stöðvarhúsi, en þessir framkvæmdaliðir munu m.a. ná yfir samfellt votlendi sem er stærra en 2 ha. Þessir þættir framkvæmdarinnar eru óbreyttir milli valkosta. Áhrif á gróður eru að hluta afturkræf þar sem reiknað er með að hægt verði að endurheimta gróður á haugsetningarsvæðum. Heildaráhrif á gróður eru metin nokkuð neikvæð. Engin munur er greindur á vægi áhrifa milli valkostanna þriggja, þar sem rask í kjölfar viðbóta sem valkostir 2 og 3 innifela verða nánast eingöngu bundin við vistgerðir með lágt verndargildi“ (bls. V í umhverfismatsskýrslu).*

Rétt er að það er lítil munur á áhrifum framkvæmda á verðmætar vistgerðir eftir valkostum en hann er þó til staðar. Bæði í sérfræðiskýrslu og umhverfismatsskýrslu kemur fram að hlutfallslega er mesta röskun á mýrlendi (votlendi) á valkosti 1 en þá er miðað við út frá heildarröskun á þeim valkosti. Hins vegar að öllu jöfnu út frá athugunarsvæði er hlutfallslega ívið meira rask á votlendi á valkostum 2 og 3 en valkosti 1. Það á einnig við um samfellt votlendi yfir 2 ha sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (sjá töflur 9.6, 9.7 og 9.9 í umhverfismatsskýrslu). Eins og fram kemur í útdrætti sérfræðiskýrslu um gróður „öll röskun valkosta 1 á líka við í valkostum 2 og 3.“

Hér er rétt að árétta að þrátt fyrir að viðbótarrask innan valkosta 2 og 3 sé fyrst og fremst á vistgerðir með lágt eða miðlungsverndargildi þá er engu að síður um yfir helmingi meira land, að stórum hluta óraskað, sem fer undir framkvæmdir vegna valkosta 2 (168 ha beint rask og 181 ha ef tekið er tillit til óbeinna áhrifa á votlendi) og valkosta 3 (195 ha/208 ha) en valkosta 1 (77ha /88 ha).

Þá vantar að minnast á vægi áhrifa vegna framkvæmda innan valkosta á gróður (*nokkuð neikvæð*), annars vegar undir **Niðurstaða og heildaráhrif bls. xii** og í sambærilegan **10.4 kafla bls. 144** í umhverfismatsskýrslu. Rétt er að halda þessu til haga líkt og gert er fyrir aðra umhverfisþætti þó að vægi áhrifa á gróður komi fram annar staðar í inngangskafli sem og í umfjöllun um gróður í skýrslunni.

Misræmi er í umfjöllun um rask á valkosti 1, annars vegar: „*Framkvæmdin mun fyrst og fremst raska vistgerðum með lágt gildi, sem ekki teljast viðkvæmar fyrir breytingum, en rúmlega 80% rasks á valkosti 1 og rúmlega 90% rasksins á valkostum 2 og 3 verður á vistgerðum með lágt eða miðlungs verndargildi.*“ (bls. V og 70) eða „*Rúmlega 60% rasks á valkosti 1 og rúmlega 90% rasksins á valkostum 2 og 3 verður á vistgerðum með lágt eða miðlungs.*“ á bls. 141.

Almennt má segja að áhrif á gróður verði nokkuð til talsvert neikvæð.

Fuglar:

Í umhverfismatsskýrslunni (kafla 9.4.3, bls. 75) kemur fram að „*Heilt yfir er fjöldi fugla á framkvæmdasvæðinu ekki nægur til að tap eða skerðing búsvæða innan þess geti leitt til breytinga á stofnstærð tegunda á héraðs- eða landsvisu.*“

Rétt er að taka fram að þegar um er að ræða stóra stofna sem verpa dreift þá er það sjaldnast svo að nokkur ein framkvæmd sé líkleg til þess að hafa mikil áhrif á stofnstigi. Því er nauðsynlegt að horfa til samlegðaráhrifa við aðrar framkvæmdir, ef við á.

Við Efri Kotvötn virðist meðal annars vera óhemju þétt varp sendlings, tegundar sem venjulega verpur stjált og er bæði á valista og ábyrgðartegund Íslands og því er óheppilegt að varpsvæði hennar verði sökkt undir lón.

Þá er í mati á áhrifum á fuglalíf ekki horft til þess svæðis þar sem fuglalífið gæti verið einna mest innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en það eru hálfgrónir aurar árkvíslarinnar úr Þjóðbrókargili þar sem til stendur að efnistaka fari fram. Í slíkum búsvæðum er t.d. jafnan þétt varp vaðfugla.



Vatnalíf:

Fram kemur að árstíðasveifla vatnsborðs lónanna verður allt að 10 m, sem verður að teljast gífurleg sveifla. Auk þess verður hún ekki í takt við náttúrulegar sveiflur. Þetta þýðir að allt fjörusvæðið og meira til fer á „þurrt“ snemma vors. Lækkun hefst í janúar og verður lægst í maí–júni. Líklegt er að vötnin verði ísilögð allan þennan tíma, en lífríkið „er í gangi“ þó svo að ísa hafi ekki leyst, svo lengi sem ljósmagn er nægilegt fyrir frumframleiðslu. Um leið og vatnsborð lækkar á ísilögðu vatni brotnar ísinn upp og ísflekar fara af stað. Því er hætt við að ísflekar skrapu og raski búsvæðum á fjörusvæði lóna með lækkandi vatnsborði. Fjörusvæði er búsvæði hryggleysingja og smáfaxinnar bleikju. Slík áhrif verða því að teljast **verulega neikvæð**, sem er töluvert meira en „talsvert neikvæð“ eins og fram kemur í skýrslunni um valkostina þrjá (t.d. bls. 81–82 í skýrslu Verkís). Mótvægisáðgerðir sem nefndar eru fyrir vatnalíf (kafli 9.5.4, bls. 81) eru í lagi svo langt sem þær ná, en ná ekki til tilfellisins sem tíundað er hér að ofan. Önnur áhrif á vatnalíf koma fram í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða og Verkís.

Mosar sem Náttúrustofa Vestfjarða safnaði í vötnunum eru enn ógreindir og því ekki vitað hvaða tegundir leynast þar.

Bleikjan sem veiddist í vötnunum var smáfaxin og kynþroska og gæti því verið um dvergbleikju að ræða (eitt afbrigði bleikju). Líklegt er að smæðin sé aðlögun að takmörkuðu fæðuframboði og takmarkaðri framleiðslu í vatnavistkerfum. Eftirfarandi kemur fram í skýrslu Finns Ingimarssonar o.fl. (2017)¹ um ár og vötn á Ófeigsfjarðarheiði (Hvalárvirkjun): „*Ætla má að smæðin sé aðlögun að þeirri takmörkuðu framleiðslu sem virðist vera í vatnakerfunum. Slíkt er þekkt úr búsvæðum sem eru takmörkuð að stærð eins og hellar við Mývatn og afmörkuð lindasvæði einkum á eldvirka belti landsins (Bjarni K. Kristjánsson o.fl. 2012). Þá er bleikju að finna víða í heiðarvötnum landsins þar sem hún hefur aðlagast afar mismunandi búsvæðum vatnanna (Bjarni K. Kristjánsson o.fl. 2011). Hins vegar eru fá þekkt dæmi um að dvergfaxin bleikjuafbrigði séu eini fiskstofninn í heilu vatni, hvað þá í fleiri vötnum á heilu vatnasviðunum eins og virðist vera raunin á Ófeigsfjarðarheiði.*“

Ætla má að bleikja í vötnum á hálendi Vestfjarða geti búið yfir miklum erfðafæðilegum breytileika í heild sinni en það þarfnast frekari rannsókna. Hrun í einstaka einangruðum stofnum getur því haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða (viðauki 3, bls. 9) kemur fram að eftir að sýnatöku lauk á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar lagði Orkubúið fram nýja tillögu þar sem Ófæruvatni var skipt út fyrir Hraunavatn. Engar upplýsingar um lífríki Hraunavatns liggja því fyrir og úr því verður að bæta.

Bent er á að ef Umhverfisstofnun veitir Orkuveitu Vestfjarða heimild til að breyta vatnshlotunum sem um ræðir er mjög líklegt að flokkun þeirra verði breytt úr náttúrulegum í mikið breytt vatnshlot. Ástand mikið breyttra vatnshlota er metið eftir öðrum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum viðmiðum en náttúruleg vatnshlot.

Óbyggð víðerni:

Fjarðahásléttan sem nær frá Selárdal í suðri til Hornstranda í norðri, hefur verið skilgreind sem víðáttumesta og samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum, sem nær yfir 2.215 km². Þetta samfellda víðerni Vestfjarða hefur alþjóðlegt mikilvægi og ber að standa vörð um samkvæmt 3. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013). Fyrirhuguð framkvæmd mun skerða víðerni um allt að 102 km² (um 5%) og ef horft er til samlegðaráhrifa vegna annarra virkjanna sem fyrirhugaðar eru innan sama víðernis, svo sem Hvalárvirkjunar og Austurgilsvirkjunar, verður skerðingin um 24% (530 km² af 2.215 km²). Þar að auki yrði frekari skerðing vegna Skúfnavatnavirkjunar en ekki er ljóst hversu mikil hún yrði þar sem útfærsla þeirrar virkjunar liggur ekki fyrir.

¹ Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Kristín Harðardóttir, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnadóttir og Cristian Gallo 2017. Rannsóknir í ám og vötnum á Ófeigsfjarðarheiði 2017. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Fjölrit nr. 4-17.




Landslag og ásýnd:

Fram kemur í samantekt að áhrif allra valkosta á landslag og ásýnd verður talsvert neikvæð. Stöðvarhús, stíflur og uppistöðulón eru teiknuð inn á myndir til að sýna breytingar á landslagi en alveg vantar að sýna hvernig ásýnd Leitishlíðar breytist vegna aðrennslispípu og veglagna úr Selárdal upp að virkjanasvæðinu á heiðinni. Ekkert er fjallað um lagnaleiðina frá stöðvarhúsi í Selárdal að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes í Staðardal.

Niðurstaða Náttúrufræðistofnunar er að Kvíslatunguvirkjun mun hafa talsverð neikvæð og varanleg áhrif á náttúrfar og landslag á lítt röskuðu landsvæði.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur




Skipulagsstofnun
Bt. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Dags. 22. október 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0250

Með erindi dags. 3. september sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um áform Orkubús Vestfjarða að reisa allt að 9,9 MW virkjun ofan við Selárdal norðan Steingrímsfjarðar í Strandabyggð.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við framkvæmd þessa.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Bolungarvík 21.10 2024

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson

Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu um Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur kynnt sér efni umhverfismatsskýrslu um Kvíslatunguvirkjun og gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.

Virðingarfyllt



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2024
UST202409-020/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umhverfismatskýrslu vegna Kvíslatunguvirkjunar í Strandabyggð.

Framkvæmdarlýsing

Áætlað er að uppsett afl Kvíslatunguvirkjunar verði allt að 9,5 MW sem miðast við 2,85 m³/s virkjað rennsli og að orkuframleiðsla verði um 62 GWh/ári. Settir eru fram þrjár valkostir á útfærslu virkjunarinnar en ýtrasta útfærslan fyrir Kvíslatunguvirkjun er valkostur 3, sem felur einnig í sér virkjun á rennsli sem hleypt verður úr miðlunarlóni um veituskurð og í inntakslón. Með smávirksjuninni verður uppsett afl 9,9 MW. Kvíslatunguvirkjun felur í sér virkjun vatns sem nú fellur í Selá, að mestu um Þjóðbrókargil og í minna mæli um Svartagil og Afréttargil. Gert verður inntakslón þar sem Efri-Kotvötn eru nú og miðlunarlón þar sem Svartagilsvatn er (Svartagilsvatnslón). Frekara vatni verður veitt í miðlunarlónið af svæðum norðvestan við lónið, nefnt Svartagilsveita og Hraunaveita. Megin kvíslinni sem rennur í Þjóðbrókargil og afrennslinu frá Svartagilsvatnslóni þarf að veita um 1.000 m langan veituskurð í inntakslónið. Inntak verður í eystri Kotvatnastíflunni og þaðan verður lögð niðurgrafin þrýstipípa að stöðvarhúsi í Selárdal. Byggja þarf upp fyrirbyggjandi slóða inn Selárdalinn á um 4 km leið frá Geirmundarstöðum að stöðvarhúsi og leggja nýjan um 6 km langan uppbyggðan veg upp hlíðina frá stöðvarhúsi að inntaki, stíflustæðum og veituskurði í Efri-Kotvötn. Vegna framkvæmda við Svartagilsveitu og Hraunaveitu, verða gerðir slóðar sem jarðvinnutæki og breyttir jeppar komast eftir. Aðkomuslóði vestan Svartagilsvatns verður varanlegur til að nota við hugsanlegt viðhald eða viðgerðir á rekstartíma. Áætluð heildarefnispörf vegna stíflumannvirkja, vegagerðar og annarra framkvæmda á svæðinu er 515.000 m³, en til stendur að nýta efni sem kemur úr uppgreftri til annarra framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun“. Því er

mikilvægt að öll leyfi sem gefin eru út vegna framkvæmdarinnar séu í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi sbr. 3. kafla laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfismarkmið eru skilgreind fyrir sérhverja vatnagerð og skulu yfirborðsvatnshlot vera með annað hvort mjög gott eða gott vistfræðilegt ástand og efnafræðilegt ástand skal vera gott. Ástand vatnshlota má ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Fjallað er um umhverfismarkmið vatnshlota í töflu 9 í vatnaáætlun og koma umhverfismarkmið hvers vatnshlots fram í vatnavefsjá stjórnar vatnamála (<https://vatnavefsja.vedur.is/>).

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að lög um stjórn vatnamála ná yfir allt vatn og því er mikilvægt að áhrif framkvæmda séu metin á allt vatn sem tengist framkvæmdinni, ekki eingöngu afmörkuð vatnshlot

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdin muni hafa áhrif á eftirtalin vatnshlot:

- Efri-Kotvötn (án vatnshlotsnúmers)
- Svartagilsvatn (nr. 101-998-L)
- Selá (nr. 101-129-R)
- Árkvísl í Þjóðbrókargili (nr. 101-433-R)
- Ófeigsfjarðarheiði (nr. 101-34-G)
- Mið-Vesturland og Strandir (nr. 101-307-G)

Samkvæmt skýrslunni lét framkvæmdaraðilinn framkvæma grunnrannsóknir á vatnalífi á framkvæmdasvæði Kvíslatunguvirkjunar. Í niðurstöðum um áhrif á vatnalíf er farið yfir möguleg áhrif framkvæmdarinnar eftir valkostum 1, 2 og 3. Valkostur 1 er talinn hafa nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð áhrif á vatnalíf og að valkostir 2 og 3 eru taldir hafa talsvert neikvæð áhrif á vatnalíf. Umhverfisstofnun bendir á það að framkvæmdaraðili þarf að gera mat á áhrifum framkvæmdarinnar fyrir öll vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna hennar beint eða óbeint. Meta þarf áhrifin á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðaþætti fyrir yfirborðsvatnshlotin og magnstöðu og efnafræðilega gæðaþætti fyrir grunnvatnshlotin. Meta þarf hvort framkvæmdin sé líkleg til að valda því að vatnshlotið nái ekki lögbundnum umhverfismarkmiðum. Mikilvægt er að gert sé grein fyrir núverandi vistfræðilegu ástandi vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Í áhrifamati þarf að skoða eftirfarandi:

- Skýra þarf tilganginn með áhrifamatinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hættu sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þeirra (óflokkað/ flokkað?) og fleira ef þarf.

- Fjalla þarf bæði um vatnshlot sem verða fyrir beinum sem og óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar.
- Fjalla um alla viðeigandi gæðapætti í vatnshlotunum sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti.
- Fjalla þarf um áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti og áhrif þeirra á líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðapætti.
- Gera þarf áætlun um að staðfesta vistfræðilegt ástand samkvæmt lögum um stjórn vatnamála áður en framkvæmdir hefjast. Matið þarf að byggja á þeim gæðapáttum sem eru notaðir til ástandsflokkunar.
- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hætta á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið nær ekki umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.
- Fjalla um hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.

Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra t.d. áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti. Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum. Verði það niðurstaða áhrifamatsins er skoðað hvort hægt sé að sækja um heimild til undanþágu fyrir breytingu á vatnshlotinu skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að fullunnið áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi vegna framkvæmdanna eru tekin til skoðunar sbr. 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili muni sækja um heimild til Umhverfisstofnunnar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til breytinga á vatnshlotunum sem virkjunin mun hafa áhrif á.

Þegar áhrifamat liggur fyrir og sótt er um undanþágu um breytingu á vatnshlotinu þarf einnig að sýna fram á að eftirfarandi skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 18. gr. séu uppfyllt.

- a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,*
- b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,*
- c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.*

Að öðru leiti er bent á að fá frekari leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun vegna hugsanlegrar heimildar stofnunarinnar vegna 18. gr. laga um stjórn vatnamála ef niðurstöður áhrifamatsins leiðir í ljós að umhverfismarkmið vatnshlota nást ekki.

Efnistaka

Í kafla 6.9.2 í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um efnistöku. Efnistaka mun að mestu fara fram innan fyrirhugaðra lónstæða en einnig í frágenginni námu í landi Byrgisholts og á áreyrum neðan við Þjóðbrókargil. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera mun ítarlegri grein fyrir umfangi efnistökkunnar og afmarka betur efnistökusvæði og dýptina á þeim. Þá sérstaklega á áreyrunum og í aflögðu námunni. Þessari umfjöllun til stuðnings hefði mátt gera nákvæmari kort af efnistökusvæðunum og æskilegt hefði verið að ítarlegri rannsóknir/kannanir á hentugleika efnis á svæðinu hefðu farið fram áður en ákveðið var að nýta umrædd svæði til efnistöku.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í á getur valdið hnignun á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins. Fjarlæging á efni (set og möl) úr straumvatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti (t.d. rennsli, dýpi, botngerð, samfellu eða svifaur) og þar af leiðandi neikvæð áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti, bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum, t.d. á hryggleysingja og fiska og getur einnig aukið gruggmyndun neðar í farvegi. Eins og fram hefur komið þá þarf að gera áhrifamat samkvæmt lögum um stjórn vatnamála vegna framkvæmdarinnar og þarf því að gera grein fyrir áhrifum efnistöku í straumvatninu í því áhrifamati.

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegafframkvæmdir, stíflugerð og uppgröft á húsgrunnum verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is. Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að umferð vinnuvéla í og við ár eykur hættu á mengunarslysum.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að fossar njóta sérstakrar verndar samkvæmt b.lið 2. mgr í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Í umfjöllun í skýrslunni kemur fram að fossa sé að finna í kvíslinni sem rennur um Þjóðbrókargil.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að Land og skógur hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á náttúrufernbærnum og rökstyðja þurfi þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að votlendi njóta sérstakrar verndar samkvæmt a.lið 1. mgr í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í skýrslunni kemur fram að allir valkostir framkvæmdarinnar muni raska votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. áður nefndum lögum.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun vill jafnframt koma því á framfæri að vegagerð getur valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

Friðun æðplanta, mosa og fléttna

Í viðauka við umhverfismatsskýrsluna kemur fram að gerð var úttekt á gróðufari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar af Náttúrustofu Vestfjarða. Við rannóknirnar var einungis leitað að friðuðum æðplöntum, en engar slíkar fundust á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar hefði átt að gera úttekt á öllum friðuðum plöntum, ekki einungis æðplöntum líkt og tekið er fram í umfjöllum um gróðurfar. Umhverfisstofnun beinir því til framkvæmdaraðila að klára úttektina og gera grein fyrir því hvort að á áhrifasvæði framkvæmdarinnar finnist friðaðar fléttur og mosar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplanta, mosa og fléttna njóta tegundir sem þar eru upptaldar verndar í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplanta, mosa og fléttna eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í umfjölluninni. Auk þess bendir stofnunin á að nauðsynlegt er í samræmi við 8. gr. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að farið sé í rannsóknir á svæðinu og allar friðaðar plöntur kortlagðar, en skv. 8. gr. náttúruverndarlaga skulu ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna byggjast, eins og

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%3%b6ntufri%3%b0un.pdf>

kostur er, á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Í 9. gr. náttúruverndarlaga er tekið fram að ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Þá ber að meta áhrif á náttúru svæðis út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir, sbr. 10. gr. laganna.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Umsögn þessi uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að óska umsagnar stofnunarinnar á síðari stigum áður en veitt er leyfi vegna umræddra framkvæmda.

Umhverfisstofnun bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Óbyggð víðerni

Í skýrslunni kemur fram að víðerni hafa ekki verið friðlýst eins og heimilt er skv. 46. gr. laga um náttúruvernd en landsskipulagsstefna kveður á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Auk þess segir í skýrslunni að umrædd lagagrein sé hins vegar opin fyrir túlkun og því ekki að fullu ljóst hvers konar mannvirki verða til þess að víðerni skerðist.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að friðlýsingarflokkurinn óbyggð víðerni samsvarar flokki Ib, óbyggðir (e. wilderness area), í flokkunarkerfi IUCN. Til flokks Ib teljast svæði sem venjulega eru stór og bera jafnan óveruleg sýnileg ummerki um umsvif mannsins. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta og verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

Við túlkun á hugtakinu óbyggð víðerni ber að líta til 19. töluliður 5. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. og 1. gr. laga nr. 43/2020.

Með 1. gr. laga nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu hugtaksins óbyggð víðerni á þann veg að orðunum „að jafnaði“ var bætt framan við orðin í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum. Skilgreiningin á hugtakinu óbyggð víðerni í 19. tölulið 5. gr. laga nr. 60/2013 er eftirleiðis svohljóðandi:

Óbyggð víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum

tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínun, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Í greinargerðinni með frumvarpinu, sem varð að lögum, nr. 43/2020 kemur m.a. fram að upplifun víðerna er mikilvægur hluti af hugtakinu og sérstaklega er áréttað að meginforsenda þess að unnt sé að friðlýsa svæði sem óbyggt víðerni sé ávallt sú að afar lítil ummerki um athafnir manna séu innan viðkomandi svæðis.

Varðandi ástæðu breytingarinnar á skilgreiningunni, þá segir í greinargerðinni að eins og ákvæðið var orðað áður gátu mannvirki og önnur tæknileg ummerki í allt að 5 km fjarlægð í einum firði/dal komið í veg fyrir að svæði í næsta firði/dal gæti verið skilgreint sem óbyggt víðerni, þrátt fyrir að landfræðilegar aðstæður væru þannig að mannvirkið sæist ekki frá hinu óbyggða víðerni.

Fjarlægðarmörkin tóku enda mið af loftlínun en ekki landfræðilegum aðstæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að eftir breytinguna á skilgreiningu hugtaksins „óbyggt víðerni“ er nú mögulegt að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna við skilgreiningu á óbyggðum víðernum, þ.e. nú geta mannvirki verið innan 5 km fjarlægðar frá mörkum óbyggðs víðernis, svo framarlega sem þau hafi ekki áhrif á verndargildi þess. Breytingunni er m.ö.o. ætlað að hafa þau áhrif að hægt sé að friðlýsa svæði sem uppfyllir öll skilyrði sem óbyggt víðerni þótt mannvirki séu til staðar í innan við 5 km fjarlægð frá mörkum svæðisins. Það þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort mannvirki, sem er utan fyrirhugaðs friðlýsts svæðis en innan fjarlægðarmarka, hafi áhrif á flokkun þess í viðkomandi friðlýsingarflokk. Ef svo er þá er ljóst að meginforsenda þess að flokka svæði sem óbyggt víðerni er ekki uppfyllt og kemur sá friðlýsingarflokkur ekki til greina fyrir viðkomandi svæði. Ef mannvirkið hefur hins vegar engin áhrif á svæðið sem fyrirhugað er að friðlýsa er hægt að rökstyðja flokkun þess sem óbyggt víðerni þó svo að umrætt mannvirki sé ekki í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mörkum svæðisins.

Það athugist að í nágildandi lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, með síðari breytingum, er ekki gerður greinarmunur á gerð mannvirkja að öðru leyti en því hver áhrif þeirra eru á verndargildi hins óbyggða víðernis. Eins og áður segir er upplifun mikilvægur hluti hugtaksins og í verndargildi óbyggðra víðerna felst því ekki einungis að ummerkja mannsins skuli gæta lítið sem ekkert og að náttúran skuli fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum heldur felst verndargildið jafnframt í því að fólk, bæði núlifandi sem og komandi kynslóðir, geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, sbr. 46. gr. náttúruverndarlaganna.

Virðingarfyllst,

Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 5. nóvember 2024
Tilv.2024-09-03-1185/2.4.1

Efni: Varðar umhverfismatsskýrslu vegna Kvíslatunguvirkjunar í Strandabyggð

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 3. september sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar í Strandabyggð, nr. 0137/2023.

Það er Orkubú Vestfjarða ehf. sem áformar að reisa virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal í Strandabyggð. Áætlað er að afl hennar muni verða allt að 9,9 MW. Virkjunin myndi virkja vatn á hálendi norðan við Þjóðbrókargil, þar sem inntakslón og miðlunarlón hennar yrðu staðsett.

Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að vegna vatnsborðbreytinga geti hrygningasvæði reglubundið þurrkast upp á áhrifasvæði fyrirhugaðra lóna. Það mun hafa afdrifaríkar og mjög neikvæðar afleiðingar fyrir bleikju sem þar er að finna. Í umhverfismatsskýrslunni er niðurstaðan sú að breytingarnar kunni að leiða til þess að stofnar bleikju sem nú er að finna í fjallavötnum, á áhrifasvæðinu, muni minnka verulega eða jafnvel tapast í fyrirhuguðum lónum (bls. 24).

Í viðauka 3 með skýrslunni kemur eftirfarandi fram: „*Sem stendur eru áfarvegur Þjóðbrókargilsár dýrmætt hrygningar- og seiðauppeldissvæði atlantshafslaxins og bleikju og getur minnkun vatnsmagns vegna stíflugerðar leitt til taps á mikilvægum búsvæðum og dregið úr nýliðum laxfiska þar í Selá.*“ Ekki kemur fram hve stór hluti hrygningasvæðis í Selá verði í hættu vegna minnkunar á vatnsmagni í farvegi í Þjóðbrókargili. Fiskistofa bendir á að leitað verði leiða til að tryggja nægilegt vatnsrennsli til að minnka neikvæð áhrif stíflu og virkjunar á viðkomu Atlantshafslaxins og bleikju.

Í samantekt í viðauka 3 um ferskvatnsrannsóknir kemur fram: „*Niðurstöður okkar benda til þess að með því að draga verulega úr fjölbreytileika búsvæða og tegundafjölbreytni, mun bygging vatnsaflsvirkjunar í þessum bússvæðum hafa mikil áhrif á vistkerfi Selár, þveráa hennar og vatnanna sem renna í þær.*“

Í viðauka 3 fyrir umhverfismatsskýrsluna er ekki fjallað um hugsanleg áhrif sem gætu orðið á lífríki í straumvatni vegna rennslisbreytinga og skortir á að lagt sé mat á hve stór hluti búsvæða verði fyrir slíkum áhrifum í tengslum við rekstur virkjunarinnar. En fram kemur að: „*Ofan stöðvarhúss og neðan Þjóðbrókargils verður rennsli Selár að jafnaði óbreytt miðað við núverandi stöðu.* „

Fiskistofa bendir á að þau áhrif sem lýst er að kunni að verða á stofnum Atlantshafslaxins og bleikju kunni að vera óásættanlegt og að leita þurfi leiða til að minnka þau. Stofnar Atlantshafslaxa og bleikju eiga undir högg að sækja og hafa minnkað á landsvísu. Ef horft er til veiðihagsmuna eingöngu er mikilvægt að líta til þátta sem geta minnkað áhrif virkjunarinnar á fiskstofna í Selá.



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
fiskistofa.is

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllt,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2024
Tilvísun: OS2024090013
Skjalanr: 425461

Efni: Umsögn um matsskýslu Orkubús Vestfjarða um Kvíslatunguvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 3. september 2024, þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar um umhverfismatsskýrslu Orkubús Vestfjarða vegna áforma um Kvíslatunguvirkjun í Selárdal í Steingrímsfirði, Strandabyggð, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021, skal í umsögnum umsagnaraðila koma fram hvort þeir hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði sínu, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þeir telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá skulu leyfisveitendur gera í umsögn sinni grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög. Heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshlotum sem virkjunin mun hafa áhrif á þarf að liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi, samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Staðfest aðalskipulag eða aðalskipulagsbreyting og samþykkt deiliskipulag þurfa jafnframt að liggja fyrir við umsókn um virkjunarleyfi.

Fram kemur í matsskýrslu að settir séu fram þrjú valkostir á útfærslu, allir með inntakslóni, að auki sé valkostur 2 með litlu miðlunarlóni og valkostur 3 með stóru miðlunarlóni og veitum. Áformað sé að stífla ár og læki sem renna að mestu um Þjóðbrókargil, en einnig um Svartagil og Afréttargil niður í Selárdal, og mynda með því tvö lón, 0,6 km² inntakslón (Efri Kotvötn) og 1,8 km² miðlunarlón (Svartagilsvatn) á heiðinni vestan Selárdals í 448 og 409 m y.s. Þá sé áformað að safna og veita vatni í miðlunarlónið með vatnsveitu um skurði, pípur og vötn. Samanlagt er tilgreind stærð virkjunar, allt að

9,9 MW í tveimur þrepum, sem framkvæmdaraðili leggur fram sem aðalvalkost, og er miðað við um 2,9 m³/s virkjað rennsli.

Fram kemur í matsskýrslu að Kvíslatunguvirkjun muni nýta nokkur vatnasvið sem samsvari 38,6 - 40,8 km² svæði, eftir því hvaða valkostur komi til framkvæmda. Selá hafi stærsta vatnasvið allra áa á Vestfjörðum um 212 km² við ós, í hana renni vatn frá nærliggjandi heiðum, mest um Þjóðbrókargil austur í Selárdal. Ofan ármóta við Þjóðbrókargil sé stærð vatnasviðs um 126 km² en af því muni fyrirhuguð virkjun nýta mest um 40,8 km². Vatnasvið Þjóðbrókargils sé um 47,3 km² sem að stærstum hluta muni falla til virkjunarinnar. Tvær mælingar árið 1999 sýndu rennsli 7,2 og 7,7 m³/sek. Fram kemur að haustið 2022 hafi síritandi vatnamælingar hafist í árkvíslinni í Þjóðbrókargili, sem muni mæla rennsli árinna í a.m.k. þrjú ár, en rennislíkyll liggja ekki fyrir. Einnig verði gerðar stakar mælingar víða á virkjunarsvæðinu og gögnin nýtt til að styrkja rennlisáætlun fyrir virkjunina og áhrif hennar á vatnafar. Mesta rennsli hafi mælst í júní 2024 7,9 m³/sek, en síðsumars og um haust hafi lágrennsli verið um 0,5 m³/sek og lægst hafi rennsli mælst um 0,2 m³/sek í lok mars 2024.

Fram kemur í matsskýrslu að við mat á orkuvinnslu og áhrifum miðlana sé þörf á samfelldum rennislíróðum með daglegu rennsli yfir mörg ár og tekur Orkustofnun undir það með framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili hefur einnig stuðst við mælingar sem gerðar hafa verið í Þverá á Langadalsströnd frá árinu 1966. Vatnasvið Þverár liggur nálægt vatnasviði Selár á suðurhluta Ófeigsfjarðarheiðar en hún rennur til vesturs í Ísafjörð. Meðalafrennsli Þverár var 2,4 m³/s árin 1993-2021, en á þeim tíma voru mælingar samfelldar. Á milli Selár og Þverár er vatnasvið Hvannadalsár, sem rennur í Selá. Fram kemur að þar hafi vatnamælingar hafist árið 2016 en ekki kemur fram hvað rennslið hafi mælst á tímabilinu eða hvort mælingar þar standi enn. Fram kemur að þar sem ekki liggja fyrir rennislíkyll eða mat á rennsli vatns um Þjóðbrókargil verði leiðrétt röðin úr Þverá notuð við áætlun á orkuvinnslu. Gert sé ráð fyrir að afrennsli af svæðinu sé 55 l/s/km² þar sem úrkoma á svæðunum virðist vera svipuð samkvæmt áætlunum Veðurstofunnar, en vísun í heimild vantar um þær áætlanir.

Með umsókn um virkjunarleyfi þurfa að liggja fyrir niðurstöður rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti sbr. 5. og 6. gr raforkulaga nr. 65/2003 og 4. gr. reglugerðar nr. 1040/2005. Orkustofnun bendir á að nokkur óvissa felst í mati framkvæmdaraðila á rennsli á fyrirhuguðu virkjunarsvæði og þar með á hagkvæmri stærð virkjunar. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að fullnægjandi vatnamælingar liggja fyrir við umsókn framkvæmdaraðila um virkjunarleyfi. Valkostagreining byggð á vatnamælingum er sérstaklega mikilvæg þar sem tilgreind stærð fyrirhugaðrar virkjunar er 9,9 MW og áformin því undanskilin umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Bendi niðurstöður mælinga og valkostagreininga til að skynsamleg nýting sé umfram 10 MW eru áformin háð umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Með umsókn um virkjunarleyfi þarf að fylgja góð lýsing á mannvirkjum, þ.m.t. lögnum, og frumdrættir að mannvirkjum skulu fylgja umsókn. Nauðsynlegar kennistærðir þurfa að koma mjög skýrt fram s.s. meðalrennsli í farvegi, lágmarks- og hámarksrennsli og gera verður kröfur um að bestu fánlegar upplýsingar séu nýttar. Á heimasíðu Orkustofnunar, <https://orkustofnun.is/stjornsysla/umsoknir/virkjunarleyfi>, eru leiðbeiningar um allar kennistærðir sem þurfa að koma fram og er æskilegt er að þær séu settar skýrt fram, t.d. í töflu.

Orkustofnun bendir að lokum á að ýmist er talað um nyrðri eða eystri stíflu Efri-Kotvatna sem mætti samræma.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu.



Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Matthildur Bára Stefánsdóttir
verkefnastjóri
Sjálfbær auðlindanýting
Rafraen undirskrift